



**Myndir á sýningu**  
**Pictures at an Exhibition**

Verk úr safneign/Works from the collection





Jóhannes S. Kjarval 1885—1972, *Regntjöld vorsins/Curtains of Spring*, 1926–64 (Hluti/Part)  
Forsíða/Front page: Ólafur Eliasson f./b. 1967, *Þín samsetta sjón/Your Compound View*, 1998



## Myndir á sýningu – heimur uppi og niðri

„Gott er það þegar hægt er að sameina veraldirnar, þannig að innri heimurinn hafi áhrif á ytri heiminn. Uppi á háum heidum finn ég hvernig orkan streymir allt umhverfis mig. Þar sameinast hinn innri og ytri heimur án áreynslu . . . Þessi veröld er sú sem sem á að flytjast inn í sýningarsalana og verða ný veröld sem getur sameinast innri veröld annars einstaklings. Og sú veröld er óendanlega stór.“

Helgi Þorgils Friðjónsson. Úr dagbókum 1987.

Þessi sýning er fyrsta stefnumót verka úr almennri listaverkæign Listasafns Reykjavíkur og hins nýja húsnæðis safnsins í Hafnarhúsinu. Við gerð hennar var haft að leiðarljósi að bæði verkin og sýningarrýmið fengu að njóta sín og marka upphaf sambands sem á eftir að standa um langa framtíð.

Sýningin er á tveimur hæðum í þremur söllum. Efri salirnir eru hvítmálaðir, hlutlausir og fagaðir, líkt og lokaður heimur. Neðri salurinn er öllu hrárrí; þar er grá steinsteypan látin halda sér í lofti og á súlum og hægt er að horfa út í ys og skarkála götunnar. Þessi sérkenni sýningarsalanna gáfu tóninn um val á viðfangsefni sýningarinnar: ytri og innri heimur, eða einfaldlega uppi – niðri í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Þannig skírskota verkin í neðri salnum til raunveruleikans – hins ytri heims, en í efri söllum tveimur til hugarheima, til hins innra lífs, minninga, drauma og ímyndana. Í sumum verkanna sameinast þessir tveir heimur líkt og í verki Ólafis Eliassonar, *Dín samsetta sjón*, frá 1998, þar sem áhorfandinn getur annað tveggja horft út í veröldina gegnum risastóra kviksjá eða kosið að horfa inn og sjá sjálfan sig speglast mörgum sinnum í henni.

Í margmiðlunarheimi nútímans er auðvelt að nálgast upplýsingar og kynningar á ýmsum myndlistarverkum og höfundum þeirra. Þrátt fyrir það gefst þorri fólks ekki tækifæri til að standa augliti til auglits við hina efnislegu gerð listaverkanna nema í sýningarsölum safna eða listhúsa. Með þetta í huga var ákveðið að flokka verkin hvorki listsögulega né raða þeim eftir efnum og aðferðum í afmörkuð rými. Það eru listaverkin sjálf sem afmarka rýmið. Þannig eiga þau greiða leið að áhorfandanum og hann að þeim. Sýningin gerir áhorfandanum kleift að ganga „inn í verkin“ – líkt og hann sé staddur á leiksviði þar sem hann sjálfur getur ráðið framvindu atburðarinnar; hvert ferli sýningarinnar er, taktur og hraði. Stundum fer hann hratt yfir, stundum staldrar hann við. Á sama tíma og nýtt verk vekur athygli hans getur hann litið um öxl á það sem hann hefur nýlokið við að skoða; velt fyrir sér tengingum milli verka, afmörkun þeirra og/eða samhengi eða skoðað gamalkunnug verk í nýju ljósi, frá nýjum sjónarhóli.

Góð listaverk, frá hvaða tímasteiði sem er, eiga alltaf erindi við samtímann. Þannig er stefnt að því að í framtíðinni verði alltaf hægt að ganga að verkum úr listaverkæign Listasafns Reykjavíkur vísu í sýningarsölum Hafnarhússins. Þessi sýning er aðeins upphafið á löngu sýningaferli, sem verður vonandi upplýsandi og skapandi í senn fyrir alla unnendur góðrar myndlistar.

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

## “The World Up and Down”

“It’s nice when worlds can be merged, so that the inner world influences the external world. Up in the highest of heights I feel the way energy is flowing all around me. There the inner and external world are merged effortlessly. . . This world is the one that should be brought into the exhibition halls and become a new world which can merge with the inner world of another individual. And that world is infinitely large”.

Helgi Þorgils Friðjónsson. Diary entry 1987.

This exhibition is the first rendezvous between works from Reykjavík Municipal Art Museum’s general collection and its new premises in Hafnarhúsið, Harbour House. A guiding principle in designing the exhibition was to give plenty of scope to both the works and the exhibition space and mark the beginning of a relationship which will last for a long time into the future.

The exhibition is located on two floors in three rooms. The upper rooms are painted white, neutral and elegant, like a closed world. The downstairs room is much rawer, with the original grey concrete left on the ceiling and pillars and a view out to the hustle and bustle on the street. These characteristics of the exhibition rooms set the tone for selecting the theme: the external and inner world, or simply up and down in both the literal and figurative senses. Thus the works on the lower floor allude to reality – the external world – and those in the two upper rooms to the mental world of the inner life, memories, dreams and imaginings. Some works merge these two worlds, such as Ólafur Eliasson’s *Your compound eye* from 1998, where the spectator can either look out into the world through a gigantic kaleidoscope or opt to look within and see himself reflected repeatedly inside it.

Today’s multimedia world makes it easy to approach information and presentations about various artworks and their artists. Even so, the majority of people do not have the chance to stand face to face with the physical works of art except in the exhibition rooms of art museums and galleries. Bearing this in mind, it was decided not to categorize the works on exhibit along art-historical lines, nor to arrange them by materials and techniques into delimited spaces. It is the artworks themselves that delimit the space, so that they have immediate access to the spectator and vice versa. The exhibition enables the spectator to walk “into the works” as if on a theatrical stage where he can determine the plot for himself, the process of the exhibition, its rhythm and pace. Sometimes he will move past quickly, sometimes pause to ponder. At the same time as a new work captures his attention, he can look back again at what he has just seen, to ponder the links between the works, their delimitation or context, and examine familiar works in a new light, from new viewpoints.

Good works of art, from any period whatsoever, always have contemporary relevance. In the future, Reykjavík Municipal Art Museum aims to have works from its collection immediately available for visitors to view in the exhibition rooms at Hafnar-húsið. This exhibition is only the beginning of a long process of exhibitions, which hopefully will prove to be at once informative and creative for all lovers of good art.





Helgi Þorgils Friðjónsson f./b. 1953, *Söngur jarðarinnar — kór alheimsins*/  
*Song of the Earth — Choir of the Universe*, 1994 (Hluti/Part)  
Baksiða/Back Page: Louisa Matthíasdóttir 1917–2000, *Gul/Yellow*, 1985

## Inngangur

Það var stór áfangi í listalífi Reykjavíkur þegar Kjarvalsstaðir á Miklatúni voru opnaðir árið 1973. Myndlistin hafði fengið nýjan og glæstan sýningarstað, og listaverk í eigu Reykjavíkurborgar eignuðust heimili í fyrsta sinn.

Á síðustu þremur áratugum hefur orðið geysileg gerjun í allri myndlist á Íslandi, eftir því sem listafólki hefur fjölgað, sýningar orðið sífellt fleiri og fjölbreyttari, og listasöfn hafa eflst til góðra verka. Um síðir voru Kjarvalsstaðir orðnir of litlir til að gera mögulegt að sýna listaverkæign borgarinnar með verðugum hætti, og því fóru borgaryfirvöld að leiða hugann að nýju og stærra húsnæði fyrir Listasafn Reykjavíkur. Með opnun sýningarsala safnsins í Hafnarhúsinu er þessi draumur orðinn að veruleika.

Það er spennandi verkefni að opna nýtt listasafn og að geta sett þar upp fjölbreyttar sýningar á listaverkum í eigu borgarinnar, jafnt sem sýningar á íslenskri og alþjóðlegri samtímalist. Við vonum að gestir safnsins taki þátt í þessu verkefni með okkur, og að sýningar safnsins í Hafnarhúsinu eigi eftir að auðga líf sem flestra. Fyrir hönd Listasafns Reykjavíkur vil ég þakka þá framsýni ráðamanna borgarinnar sem hafa gert þetta nýja safn mögulegt, og vona að borgarbúar og gestir þeirra fái notið þeirra listaverka sem hér verða sýnd, sem og allrar aðstöðu sem þetta glæsilega húsnæði býður upp á.

Verið velkomin í Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsinu.

## Foreword

It was a great moment for the art life in Reykjavík when Kjarvalsstaðir at Miklatún opened in 1973. The visual arts had been presented with a new and spectacular place for exhibitions, and the art works belonging to the City of Reykjavík had a central home for the first time.


In the past three decades there has been tremendous turmoil in all visual arts in Iceland, as more and more artists have come on the scene, exhibitions have grown in number and variety, and art museums have been strengthened. Eventually Kjarvalsstaðir had become too small to make it possible to exhibit the art collections of Reykjavík in a proper way, and therefor city authorities began examining the possibilities of larger and better housing for the Reykjavík Art Museum. With the opening of the exhibition halls at Harbour House this dream has been realized.

It is an exciting project to open a new art museum and be able to plan diverse exhibitions of works of art from the collections belonging to the city, as well as exhibitions of Icelandic and international contemporary art. We hope that the guests of the Museum will join us in this project, and that the Museum's exhibitions at Harbour House may enrich the lives of as many as possible. On behalf of the Reykjavík Art Museum I want to express my gratitude for the foresight of the Reykjavík authorities that has made this new art museum possible, and I hope that the people of Reykjavík and their guests will enjoy the art that will be exhibited here, as well as all the facilities that this wonderful building has to offer.

Welcome to the Reykjavík Art Museum at Harbour House.

*Eiríkur Þorláksson,  
forstöðumaður/director*





Menningarmálanefnd Reykjavíkur/The Cultural Committee of the City of Reykjavik:  
Guðrún Jónsdóttir, formaður/Chair, Anna Geirsdóttir, Örnólfur Thorsson, Eyþór Arnalds, Júlíus Vífill Ingvarsson,  
Valgerður Bergsdóttir, Tryggvi Baldvinsson.

Formaður Listasafns Reykjavíkur/Director of Reykjavik Art Museum: Eiríkur Þorláksson.  
Sýningarstjórn og hönnun sýningar/Curators and exhibition design: Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir, Ágústa Kristófersdóttir,  
Finnur Arnar Arnarson, Ingileif Thorlacius.

Ljósmyndun/Photography: Kristján Pétur Guðnason  
Þýðing/Translation: Bernard J. Scudder, Eiríkur Þorláksson  
Yfirllestur handrita/Proofreading and editing: Mördur Árnason, Bernard J. Scudder.  
Hönnun og umsjón með gerð sýningar-skrár/Catalogue design and production: Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir.  
Skeyting og filmuvinna/Colour separation and montage: Grafik h.f. Prentun/Printing: Grafik h.f.